

Ár 2010, mánudaginn 21. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör bankastjóra NBI hf.

I.

Fullskipað kjararáð kvað hinn 23. febrúar 2010 upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er bankastjóri NBI hf. (Landsbankans). Sama dag ákvað kjararáð laun bankastjóra Landsbankans, sbr. úrskurð nr. 2010.4.008. Í ákvörðunarorði sagði að sú ákvörðun gildi fyrir þann sem þá gegndi starfi bankastjóra Landsbankans. Bankaráð Landsbankans hefur ráðið nýjan bankastjóra sem hóf störf 1. júní 2010 og tekur þriggja manna kjararáð með þessum úrskurði ákvörðun um launakjör hans og byggir hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar voru í úrskurði nr. 2010.4.001. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði bankastjóra og formanni bankaráðs Landsbankans bréf 21. maí 2010 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir afriti af ráðningarsamningi. Fjármálaráðuneyti var skrifað sama dag og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið. Forstjóra Bankasýslu ríkisins var skrifað 10. júní 2010 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Bréf dagsett 1. júní 2010 barst frá bankaráði Landsbankans. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur við nýráðinn bankastjóra. Í bréfinu voru ítrekuð þau sjónarmið bankaráðsins að lög um kjararáð hefðu ekki fellt úr gildi þær viðmiðanir sem fram kæmu í eigendastefnu ríkisins. Þar væru skýr ákvæði um að við ákvörðun um laun bankastjóra skyldi leggja til grundvallar að laun væru samkeppnishæf en ekki leiðandi. Að mati bankaráðs væri ótvírætt að kjararáð væri bundið af þeirri skipan mála á sama hátt og aðrir. Einnig var vísað til slíkrar skyldu sem fram kæmi í 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, en þar segði að laun skyldu vera „í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir gætu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.“ Ótvírætt hlyti að teljast að kjararáði væri ekki bannað og þvert á móti skylt að horfa til launakjara sambærilegra starfstétta við ákvörðun launa, sem í þessu tilviki hljóti að fela í sér samanburð við bankastjóra og aðra forstjóra á fjármáلامarkaði. Líti bankaráð svo á að skylt sé að lögum að hafa þessi sjónarmið í huga. Skoraði bankaráðið á kjararáð að gera könnun á launakjörum æðstu stjórnenda fjármálafyrirtækja á Íslandi áður en úrskurður yrði kveðinn upp. Bankaráð þyrfti hugsanlega að óska eftir samþykki kjararáðs við aukagreiðslum vegna stjórnarsetu í öðrum félögum og samtökum sem leitt gætu til aukins álags á bankastjóra. Að sama skapi væri ljóst að Landsbankinn og fjármálaráðherra hefðu undirritað samning við skilanevnd Landsbanka Íslands hf. þar sem fram kæmi að Landsbankinn skyldi innleiða árangurstengingu launa. Sú árangurstenging tæki mið af ákveðnum eignasöfnum og því hvernig til tækist við endurskipulagningu þeirra. Af hálfu skilanevndar hefði verið mikil áhersla á að þeir sem hefðu mest vægi við ákvarðanatöku varðandi þær eignir ættu að njóta þess umfram aðra en af hálfu Landsbankans hefði verið lögð áhersla á að árangurstenging launa næði til allra starfsmanna. Áskildi bankaráðið sér rétt til að óska síðar eftir að tekið yrði tillit til þeirra skuldbindinga sem Landsbankinn og íslenska ríkið hefðu gengist undir að þessu leyti. Að lokum mæltist bankaráð Landsbankans eindregið til

Þess að við ákvörðun um laun bankastjóra tæki ráðið af fremsta megni tillit til þess samkeppnisumhverfis sem Landsbankinn starfaði í.

Í ráðningarsamningi er meðal annars lýsing á starfi bankastjóra. Þar segir að bankastjóri hafi á hendi framkvæmd stefnu stjórnar. Hann ber ábyrgð gagnvart bankaráði á daglegum rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum bankans, lögum og reglum. Um heimildir hans til útlána skuli farið eftir útlánareglum bankaráðs Landsbankans. Bankastjóra er skylt að vinna þá yfirvinnu sem þörf krefur. Um laun og starfskjör segir að þau fari eftir úrskurði kjararáðs. Bankaráð muni þó eftir fremsta megni stuðla að því að því fyrirkomulagi verði breytt sem fyrst. Bankastjóri skuli ekki gegna launuðum aukastörfum og ekki taka sérstaka þóknun fyrir setu á bankaráðsfundum, í stjórnnum dótturfélaga eða í ráðum og nefndum á vegum bankans. Þá er í samningnum fjallað um tryggingar, orlof og rétt til launa í veikindaförföllum. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir.

Í bréfi dagsettu 2. júní 2010 vísaði fjármálaráðuneytið til bréfs síns dagsetts 3. nóvember 2010 þar sem fram komu sjónarmið ráðuneytisins vegna ákvörðunar kjararáðs um laun bankastjóra Landsbankans. Í því bréfi kom fram að Bankasýsla ríkisins hefði tekið við eigendahlutverki ríkisins í fjármálafyrirtækjum og greint frá því að eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum hefði verið birt í september 2009.

Svar barst frá Bankasýslu ríkisins 21. júní 2010. Í bréfinu sagði að Bankasýslan legði áherslu á að litið væri til eigendastefnu ríkisins þar sem segði um launakjör, að opinber fjármálafyrirtæki skyldu tileinka sér hófsemi þegar kæmi að launakjörum, en með því væri átt við að laun stjórnenda skyldu standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki störfuðu á en væru ekki leiðandi. Ef ekki væri horft til þeirrar skýringar í eigendastefnu ríkisins að laun skyldu standast samanburð á því sviði sem fyrirtækið starfaði á mundi það gera Landsbankanum erfitt fyrir að skapa heildstæða launastefnu sem tryggði að bankinn gæti ráðið til sín og haldið starfsmönnum með viðeigandi reynslu og þekkingu. Til lengri tíma væri líklegt að slík staða skaðaði ríkið sem eiganda meirihluta hlutafjár í bankanum. Að mati Bankasýslunnar væri afar óheppilegt ef eignarhald ríkisins setti Landsbankann í verri stöðu en samkeppnisaðila hans.

Nýskipaður bankastjóri vísaði, í tölvupósti dagsettum 2. júní 2010, til bréfs bankaráðs og sagðist vera sammála þeirri afstöðu sem fram kom í því bréfi. Til viðbótar teldi hann mjög mikilvægt fyrir hagsmuni bankans, eigenda, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila að bankinn geti haldið hæfum starfsmönnum og laðað þá til sín í því samkeppnisumhverfi sem hann starfi í með því að borga starfsfólki sínu sambærileg laun og aðrir bankar, sem væru líka að hluta til í eigu ríkisins, án þess þó að vera leiðandi í þeim samanburði. Ef Landsbankanum verði settar of þröngar skorður sé hætt við að samkeppnisstaðan skekkist varðandi mannauðinn og bankinn veikist.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til

samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skal gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast er unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkingu launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Eigendastefna ríkisins vegna fjármálafyrirtækja gengur ekki framur lögum. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Kjararáð ákvað laun bankastjóra Landsbankans hinn 23. febrúar 2010 og tók sá úrskurður gildi 1. mars 2010. Þá var ákveðið að laun hans skyldu vera samkvæmt launaflokki 502-138 eða 753.974 krónur á mánuði. Að auki skyldi greiða honum 80 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag sem starfinu fylgdi. Fram kom að ákvörðunin gildi fyrir þann sem þá gegndi stöðu bankastjóra Landsbankans. Í forsendum úrskurðarins kom fram að við ákvörðun einingafjölda hefði kjararáð gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega. Það leiddi til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð, en búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir ráðið heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar væri gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001. Bankastjóri, sem nú eru ákveðin laun, hefur ekki gegnt starfinu áður og eiga því fyrrnefnd sjónarmið ekki við. Eigi að síður telur kjararáð rétt að hafa nokkra hliðsjón af þeim einingafjölda sem fyrrverandi bankastjóra var ákveðinn um leið og hann er færður í átt til samræmis við fjölda eininga þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð. Búast má við endurskoðun einingafjölda eftir 1. desember 2010.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir meðal annars að hafi framkvæmdastjóri bifreiðahlunnindi, þar með taldar greiðslur sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærri eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði,

hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2010 skulu mánaðarlaun bankastjóra Landsbankans (NBI hf.) vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 753.974 krónur. Að auki skal greiða honum 65 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Njóti bankastjóri Landsbankans bifreiðahlunninda skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili bankastjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör bankastjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson